

Samantekt vegna fundar í máli 21-2553

Dags/tími: 15.4.2021 16:00

Fyrirtæki:

Slökkvilið Borgarbyggðar /
Sólbakki 13-15
310 Borgarbyggð

Staðsetning: Slökkvistöð Borgarnesi

Pátttakendur: Elfar Már Ólafsson, Sigurþór Ágústsson, Björgvin Fjeldsted, Gísli Már Kristjánsson, Bjarni Kristinn Þorsteinsson

Fundarefni:

Forgangsröðun vegna uppbyggingar slökkviliðs og búnaðar þess.

Fundargerð:

Umræða fundarins er uppbygging og forgangsröðun mála Slökkviliðs Borgarbyggðar.

Fundur með slökkvistjóra, varaslökkviliðsstjóra og stjórn Neista, Félags slökkviliðsmanna í Borgarbyggð

- Á fundi er rætt um forgangsröðun og er hún útlistuð hér fyrir neðan.
- Fyrst í forgangsröðun er að fá allt húsnæði Borgarbyggðar að Sólbakka 13 - 15. Þannig væri hægt að leysa eftirfarandi vandamál.
 - Húsnæði sem stenst reglugerð er varðar slökkvistöðvar samanber reglugerð 747/2018 og viðeigandi leiðbeiningar um brunavarnir 6.086 frá HMS.
 - Herbergi fyrir loftkútaáfyllingu sem þarf að vera í sér herbergi samanber leiðbeiningum HMSS2.07 um aðbúnað slökkvistöðva,
 - Útkeyrsluhurðir fyrir alla bíla slökkviliðs en óheimilt er að hafa neyðarbíl fyrir aftan annan neyðarbíl
 - Þvotta og hreinlætisaðstöðu fyrir bíla, búnað og slökkviliðsmenn.
 - Búningaaðstöðu fyrir slökkviliðsmenn sérhæfðari.
 - Viðhaldsaðstaða fyrir búnað og tæki.
 - Fundaraðstaða til námskeiðs- og fundarhöld.
- Annar forgangur.
 - Ný loftpressa fyrir loftáfyllingu reykköfunarloftkúta og búnað til þrifa á slökkvibúnaði, tækjum og eldfatnaði.
- Þriðji forgangur.
 - Viðhald húsnæðis og umhverfi húsnæðisins. Endurskipulagning húsnæðis og bílplans. Malbikað plan og ný bílastæði á austurhlið hússins ásamt nýjum inngangi útkallsliðs.
- Fjórði forgangur

-Kaup á mannskapsbílum. Við leggjum til að keyptir yrðu tveir mannskapsbílar til að anna þörf á sætafjölda fyrir slökkviliðsmenn. Hægt væri að taka 3 aftustu sætaraðir og nota einnig sem sérhæfða búnaðarbíla. Til upplýsinga að þá er mikið úrval notaðra smárútna á Íslandi í dag og á mjög hagstæðu verði.

Fundarmenn eru sammála um að á þessum atriðum liggji mest á og ekki hægt að bíða með aðgerðir. Fundarmenn leggja til að við þessum atriðum verði brugist við strax og gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun slökkviliðsins til að bæta úr ofangreindum atriðum.

Fundi slitið 17:30.